

Fundur í Háskólaráði

Dags. 5. sept. 2022

Staður og tími: Teams kl. 14.00

Málsnúmer: 2008013

Fulltrúar HB: Margrét Jónsdóttir Njarðvík, Sólveig Hallsteinsdóttir, Arney Einarsdóttir, Sævar Finnbogason,

Fulltrúar nemenda: Embla Líf Hallsdóttir, Birgitta Ásbjörnsdóttir, Hlynur Finnbogason

Áheyrnaraðilar: Lydía Geirsdóttir, Anna Jóna Kristjánsdóttir, Stefán Wendt, Margrét Vagnsdóttir

Fjarverandi: Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Hanna Kristín Skaptadóttir

Dagskrá:

1. Tekinn kynningarhringur og farið yfir að það vanti fulltrúa meistaraneva og háskólagáttar
2. Hlutverk háskólaráðs, Margrét útskýrir það og af hverju við erum hér. Málefni skólans, innra starf, breytingar á reglum og stefnumörkun, háskólaráð er ályktunar bært, getur gert tillögur til rektors og stjórnar skólans.
3. Margrét lofar að bjóða háskólaráði heim til sín á fund og meðði.
4. Margrét fer yfir efni stjórnarfundar sem haldinn var fyrr í dag, stiklað á stóru:
 - Ánægja með nýja öfluga starfmenn á öllum sviðum skólans
 - Stemning í loftinu og fólki virðist líða vel í náminu
 - Spenna fyrir fyrstu vinnuhelgi skólaársins
 - Ánægja með nýtt sterkt nemendafélag
 - Stór skref í viðhaldi skólans
 - Gæðaúttektin verður í desember og ætlum við að fá 10, búið að bæta úr öllum 13 athugasemdunum sem við fengum í vor og fáum þess vegna þessa úttekt í desember. Nefndarmaður í gæðateyminu tekur ofan fyrir okkur og við erum bjartsýn.
 - Aðsókn vegna haustsins 2022 var varnarsókn, 100 færri sem innritast í viðskiptadeild í ár.
 - Niðurstaða árlegrar gæðakönnunar voru kynntar í síðasta föstudagspósti, við búin að búa til grunnlínuna í öllum mælingum hjá okkur hér eftir.
 - Nýsköpun verður tekin inn markvisst, kennslu og rannsóknarráð búið að funda einu sinni og komin á laggirnar þverfagleg nýsköpunarnefnd, Nýsköpunarsetur með Hvanneyri, Glitnir.
 - Mannauðsmál í góðum farvegi, óvenjumikið um langtímaveikindi hjá okkur. Sérhver starfsmaður ber ábyrgð á að halda sambandi við höfuðstöðvarnar á Bifröst.
 - Ráðgjafanefnd kom á fund, mikið rætt um að koma með nýtt nám í stafrænni stjórnun og öryggisfræði. Diplómasía í samvinnu við utanríkisráðuneytið.



- Úkraínuverkefnið orðið minna í sniðum til að koma nemendum fyrir á staðlotur. Nemendahúsnæðið var tekið af verkefninu. Úkraínufólki boðið að taka þátt í University Gateway frítt, samfélagsleg ábyrgð okkar.
- Uglan hefur verið í innleiðingu síðan í 2019 og hefur ekki enn gengið að koma henni almennilega í gagn, við háð HÍ mönnum og þau ekki að standa sig í sínu.
- Eitt þema næsta vetur; Frá því að vera góð í að verða framúrskarandi.

5. Mælendaskrá opnuð;

- Embla, nýr formaður nemendafélagsins, nefnir að kynna þurfi nemendur fyrir hagsmunafulltrúa skólans, Birgittu og hvenær þeir megi hafa samband og varðandi hvað.
- Hlynur nefnir að nemendur hafi leitað til hans vegna gistingu á svæðinu, tilboð sem hafa verið að koma frá hótelum eru ekki nægilega góð, ósanngjarnt að þurfa að greiða 60.000 fyrir gistingu þegar skólagjöldin eru eins há og þau eru.
- Arney tekur upp þráðinn vegna aðstöðu nemenda á staðlotum, húsbílar mögulegir?
- Sævar hrósar nemendafélaginu fyrir dagskrá staðlota, samfélagsuppbyggjandi, stórt og feitt hrós. Margrét Vagns tekur undir ásamt okkur öllum.
- Solla kemur inn á hvað hefur gerst innanhúss í síðustu vikum búið að útbúa litlar setustofur hér og þar.

6. Frá fjármálastjóra

- Fer yfir áætlun síðasta árs fyrir árið 2022 og ber saman við ársreikning 2021.

7. Embla fer yfir fjölskyldudaginn, 88 mættu í Húsdýragarðinn, pylsur og ís og gjafapokar. Mikil ánægja og góð stemmning. Er að útbúa nýja heimasíðu, uppfæra Logo, ný „like“ síða á Facebook.

8. Megum ekki gleyma Háskólagáttinni, þarf að tala við þau varðandi staðlotur eins og grunn- og meistaranema.

Fundi slitið kl. 15:03

Fundarritari: Sólveig Hallsteinsdóttir